



SÁL 3D05 - FÉLAGSSÁLFRÆÐI

Námsáætlun, haustönn 2020

Kennari/kennarar:

Kristján Ari Arason

Netfang/netföng:

krisara@bhs.is

Lýsing:

Atferli, hugsanir og viðhorf skoðuð í félagslegu samhengi. Áhersla er lögð á virkni nemenda, til dæmis kanni þeir áhrifamátt ólíkra auglýsinga á atferli fólks, geri rannsóknir á því sviði og reyni fyrir sér í auglýsingagerð. Nemendur vinna verkefni á sviði auglýsingasálfræði. Áhersla er líka lögð á að nemandi geti tekið sjálfstæða, vel rökstudda afstöðu til álitamála varðandi félagssálfræði. Í upphafi annar velja nemendur sér rannsóknarefni á sviði auglýsingasálfræði sem þeir vinna að á önninni. Efnt verður til málstofu um álitamál á sviði auglýsingasálfræði í lok annar.

Þekking, leikni, hæfni:

- Þekki rannsóknir á fordómum og tilraunum til að breyta þeim
- Viti hvaða þættir skipta máli varðandi það við hverja manni líkar og hverja ekki
- Þekki áhrif hópa, hópprýsting og höfnun hópsins
- Þekki rannsóknir á hlýðni manna og hversdagslegar og óvenjulegar aðstæður og viti hvaða þættir hafa áhrif á hana
- Sé líklegri til að hjálpa náunga í neyð eftir að hafa kynnt sér hvernig afskiptaleysi náungans er venjulega háttað
- Viti hvað viðhorf eru, hvort þau eru í samræmi við hegðun, hvernig hægt er að hafa áhrif á viðhorf og mæla þau
- Verði meðvitaðri um ýmsar leiðir til samskipta og tjáningar, yrtar og óyrtar, og geti túlkað afstöðu annarra ekki bara af orðum heldur einnig af líkamsstöðu og öðrum þáttum
- Öðlist innsýn í áhrif samskipta á atriði eins og vinnuanda og starfsánægju
- Þekki ólíkar skilgreiningar á persónuleika
- Þekki til inntaks auglýsingasálfræðinnar, takmarkanir hennar og kosti
- Kynnist helstu rannaóknum og rannsóknaraðferðum auglýsingasálfræðinnar

Námsmat:

- Könnun úr námsefni - félagssálfræði 30%
- Rannsóknarverkefni í félagssálfræði 20%
- Hópverkefni í auglýsingasálfræði 20%
- Verkefnamappa og greining auglýsinga 20%
- Ástundun og virkni 10%

Námsgögn:

- Sálfræði II. 1988. Atkinson, Atkinson & Hilgard. Iðunn. Reykjavík.
- Kristján Guðmundsson. Námsefni í auglýsingasálfræði
- Upplýsingaleit á netinu og á bókasöfnum í tengslum við yfirferð.
- Ljósrit sem kennari útvegar í tengslum við yfirferð
- Greinar sem nemendur afla sér í gagnabönkum

Aðrar mikilvægar upplýsingar:

Kennsluáætlunin kann að taka breytingum á önninni en þá að höfðu samráði við nemendur. Námsmat tekur bæði til lesefnis og þess sem fram kemur í fyrirlestrum og verkefnavinnu. Rík áhersla er lögð á mætingu í áfanganum enda byggir hann á mikilli samvinnu nemenda. Ætlast er til að nemendur skili verkefnum innan uppgefna tímamarka, ella fyrirgerir nemandi rétti sínum til námsmats í viðkomandi þáttum.



Vika	Dags.	Námsþættir	Námsmats- þættir
34	18.-21. ágúst	Kynning á áfanga. Hvað er félagsáfræði - félagslegt atferli?	
35	24.-28. ágúst	Félagslegt atferli. Félagssálfræðileg greining	Verkefni 10%
36	31. ág.- 4. sept.	Félagslegt atferli	
37	7.-11. sept.	Félagsleg áhrif	
38	14.-18. sept.	Félagsleg áhrif - Félagssálfræðileg tilraun	Verkefni 10%
39	21.-25. sept.	Félagsleg áhrif	
40	28. sept- 2. okt.	Hlutapróf - félagsáfræðin / Kynning á rannsókn	Varða I Próf 30%
41	5.-9. okt.	Kynning á rannsókn	
42	12.-16. okt.	Auglýsingasálfræði - kynning á viðfangsefni	
43	19.-23. okt.	Auglýsingasálfræði	Hausthlé
44	26.-30. okt.	Hópverkefni - auglýsingagerð	
45	2.-6. nóv.	Hópverkefni - auglýsingagerð	Varða II
46	9.-13. nóv.	Kynning á hópverkefni	
47	16.-20. nóv.	Kynning á hópverkefni	Verkefni 20%
48	23.-27. nóv.	Kynning og skil á auglýsingamöppu	
49	30. nóv.- 4. des.	Kynning og skil á auglýsingamöppu	Mappa 20%
50	7.-11. des.	Samantekt og frágangur - ástundun	Ástundun 10% Kennslu lýkur
51	14.-17. des.	Einkunnaskil	Varða III

Tímaáætlun er sett fram með fyrirvara um nauðsynlegar breytingar.